

2023–2024

Læsisstefna Álftanesskóla



ÁLFTANESSKÓLI

– allir eru einstakir

Álftanesskóli

Garðabæ

2023–2024

„Bernska án bóka – það væri engin bernska. Það væri eins og að vera útilokaður frá þeim töfrastað sem hægt er að finna sjaldgæfustu tegund ánægju.“

Astrid Lindgren

Endurskoðuð læsisstefna Álftanesskóla 2023-2024

Anna Thorlacius

Læsisstefnuteymi sem starfaði að upphaflegri læsisstefnu veturinn 2014–2015

Auður Björgvinsdóttir

Brynhildur Svala Snorradóttir

Elín Sigmarsdóttir

Guðrún Gísladóttir

Hanna Mjöll Káradóttir

Kristín Fjóra Bergþórsdóttir

Margrét Guðrún Þórisdóttir

Rannveig Kristín Stefánsdóttir

Vilborg Rósa Einarsdóttir

Efnisyfirlit

LÆSISSTEFNA SKÓLANS Í STUTTU MÁLI	1
NÁNARI ÚTLISTUN Á STEFNU OG KENNSLUAÐFERÐUM	2
HELSTU KENNSLUAÐFERÐIR	2
VÖRÐUR OG VEGVÍSIR	2
ORÐ AF ORÐI	2
LESTRARKENNSLA Á YNGSTA- OG MIÐSTIGI	3
FYRSTA ÁRIÐ – UPPHAF LESTRARNÁMSINS	3
YFIRFÆRSLA FRÁ LEIKSKÓLA	3
STAFAINNLÖGN OG LESTRARKENNSLA	3
ÁFRAM VEGINN- 2.–6. BEKKUR	4
RITUN	5
STAFSETNING	5
FRAMSÖGN	5
ELSTA STIG	5
BÓKMENNTALESTUR OG RITUN Á ELSTA STIGI	5
BÆKUR SEM ERU LESNAR OG UNNIÐ SKIPULEGA MEÐ Í ÁRGÖNGUM ÁLFTANESSKÓLA VETURINN 2019–2020.....	7
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	8
FRÆÐSLA TIL FORELDRA	8
HEIMALESTUR OG SKRÁNING	8
SKIMANIR OG SÉRKENNSLA	9
SKIMANIR Í 1. BEKK	9
SKIMANIR EFTIR 1. BEKK	9
LOGOS SKIMUN	9
ORÐARÚN LESSKILNINGSSKIMUN	10
ALMENNT NÁMSMAT Í LÆSI	10
PRÓF OG SKIMANIR EFTIR ÁRGÖNGUM	11
LÝSING Á HVAÐ LIGGUR AÐ BAKI NÁMSMATI Í LÆSI	12
VIÐMIÐ SKÓLANS	13
SKIL Á LESTRARMATI	14
ALMENNT UM SÉRKENNSLU OG GREININGAR	14
LESTRARMENNING	14
ELDRI NEMENDUR STYÐJA YNGRI	14
BÓKASAFNIÐ	15
LESSTUNDIR	16
LESTRARSPRETTIR	16
HEIMILDIR.....	17

Læsisstefna skólans í stuttu máli

Stefna Álftanesskóla er að leggja frá upphafi traustan grunn í lestri svo að nemendur geti byggt ofan á hann eftir því sem færni þeirra eykst og þroskinn vex. Að vera læs er ekki bara það að geta umskráð hljóð stafa yfir í orð, setningar og heilu málsgreinarnar. Skilningur verður að fylgja með og að öðlast góðan lesskilning er erfiðleikum háð nema tæknilegur grunnur í lestri sé traustur, þ.e. að nemandi hafi öðlast lesfimi.

Eftir því sem tímanum vindur fram á sjálfstæði nemandans í lestri að eflast og lokatakmarkmið er að nemendur geti lokið skólagöngu sinni í Álftanesskóla færir um að lesa sér til ánægju, nýta sér upplýsingar úr þeim textum og gögnum sem þeir þurfa, auk þess að geta komið upplýsingum frá sér í rituðu máli.

Til þess að þetta geti orðið þarf eftirfylgni að vera með hverjum og einum nemanda á þeim stað sem hann er staddur og samvinna heimilis og skóla og upplýsingaflæði þar á milli þarf að vera gott.

Nánari útlitun á stefnu og kennsluaðferðum

Helstu kennsluaðferðir

Í Álftanesskóla hefur undanfarin ár verið unnið markvisst að því að efla og bæta lestrarkennslu með ýmsum hætti. Meðal annars má nefna að kennsluaðferðirnar *Orð af orði* og *Vörður og vegvísir* voru innleiddar. Ritunarnámskeið, bæði frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og *6+1 víddir ritunar* hafa verið haldin fyrir alla kennara skólans. Sérkennarar skólans fóru á námskeið í aðferðinni *Læs í vor* sem er aðferð byggð á direct instruction og precision teaching, þessi aðferð í heild eða að hluta er nú notuð töluvert í kennslu nemenda með lestrarvanda. Veturinn 2018–2019 var þróunarverkefni á yngsta stigi sem miðaði að því að nýta hljóðakennslu með þessari aðferð meðfram hefðbundinni stafainnlögn í 1. bekk, sú þróun heldur áfram.

Námsmat í lestri er í sífelldri endurskoðun, frá og með haustinu 2017 eru viðmið Menntamálastofnunar í lesfimi notuð í stað þeirra viðmiða sem áður giltu fyrir skólann auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarmats í skólanum. Fræðsla til foreldra og eftirfylgni varðandi heimalestur hefur verið bætt meðal annars með þróunarverkefni í samstarfi við Flataskóla veturinn 2015–2016.

Vörður og vegvísir

Í íslensku- og lestrarkennslu er starfað samkvæmt hugmyndafræði Ardleigh Green grunnskólans í London en þar er lögð áhersla á heildstæða móðurmálskennslu. Kennarar í Hamraskóla í Reykjavík hafa þróað og aðlagð þessa aðferðafræði og kalla hana Vörður og vegvísir, þar sem markmið Aðalnámskrár grunnskóla liggja að baki. Yngsta- og miðstig Álftanesskóla starfar eftir þessari aðferð en hún er í sífelldri þróun í takt við annað starf skólans. Nánar má fræðast um Vörður og vegvísir á <https://hamrar.wordpress.com/>

Orð af orði

Orðaforði og hugtakaskilningur eru mjög mikilvægir þættir í lesskilningi og öllu námi. Orð af orði er fjölbreytt kennsluaðferð þróuð af Guðmundi Engilbertssyni og er meginmarkmiðið að

efla orðaforða og málvitund nemenda. Aðferðirnar eru margvíslegar og geta þær fléttast inn í öll bókleig fög þvert á árganga. Nánar má fræðast um Orð af orði á

<http://hagurbal.weebly.com/>

Lestrarkennsla á yngsta- og miðstigi

Rannsóknir sýna að afar mikilvægt er að standa sérstaklega vel að lestrarnámi barna fyrstu árin enda hefur bilið milli þeirra sem ná góðri lestrarfærni fyrir lok 3. bekkjar og þeirra sem ná því ekki, tilhneigingu til að breikka (Torgesen, 2005; Stanovich, 1986).

Fyrsta árið – upphaf lestrarnámsins

Álftanesskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Hún gengur út á að skima fyrir veikleikum og bregðast strax við vandanum. Í flestum tilfellum þurfa nemendur eingöngu aðstoð rétt í byrjun skólagöngunnar til að komast af stað og ná svo góðri færni án frekari íhlutunar. Rannsóknir sýna að snemmtæk íhlutun getur komið í veg fyrir lestrarvanda og sérkennslu seinna meir (Riley, 2006; Elva Eir Þórólfsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Þorlákur Axel Jónsson, 2019).

Yfirfærsla frá leikskóla

Þegar nemendur hefja nám í 1. bekk hefur sérkennari þegar hitt kennara frá leikskólunum og farið yfir niðurstöður málþroskaprófa og Hljóm sem greinir hljóðkerfisvanda og er tekið á síðasta ári í leikskóla. Hljóm hefur mikið forspárgildi um gengi í lestrarnámi og nemendur sem fá slaka útkomu úr því fá tíma hjá sérkennara frá skólabyrjun.

Stafainnlögn og lestrarkennsla

Í Álftanesskóla er kennt samkvæmt hljóðaaðferð. Stafainnlögn fer þannig fram að tveir til þrjú stafir eru kenndir á viku og unnið markvisst með þá. Að auki eru algengar orðmyndir kenndar. Eftir innlögn bókstafa vikunnar er hverjum bekk skipt í fjóra hópa og vinna hóparnir að mismunandi verkefnum, eitt verkefni í hverri kennslustund. Öll verkefni tengjast stöfum vikunnar á einn eða annan hátt. Þessa vinnu köllum við hringekjuvinnu og fer hún fram fjóra daga vikunnar.

Frá fyrstu stafainnlögn fá nemendur lestrarbók við hæfi sem byggð er á þeim stöfum sem búið er að leggja inn. Mismunandi er hvað nemendur lesa margar bækur yfir vikuna, flestir fá nýja bók daglega. Smám saman bætast fleiri stafir við og bækurnar taka mið af því. Þessar fyrstu lestrarbækur eru eftir Þórunni Elíddóttur, kennara í Hamraskóla. Rétt eins og nemendur sem

eiga í erfiðleikum fá aðstoð sérkennara, er tekið tillit til þeirra nemenda sem þegar hafa náð lestrarfærni þegar þeir koma í grunnskóla. Kennari metur stöðu þeirra og finnur lesefni og verkefni við hæfi ef byrjendabækurnar eru of léttar.

Tvisvar eru tekin hlé frá stafainnlögn í um vikutíma. Þá fá nemendur sem eiga erfiðara með að tileinka sér stafi og hljóð tækifæri til að æfa sig enn betur á þeim stöfum sem þegar hafa verið lagðir inn. Í stað stafainnlagnar eru unnin verkefni í anda Byrjendalæsis og ýmiskonar önnur verkefni. Sjá má upplýsingar um Byrjendalæsisverkefnin á vefsvæði Miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri <https://www.msha.is/is/byrjendalaesi-moodle> en markmiðið með þessum verkefnum er að vinna með texta á fjölbreyttan hátt.

Þegar allir stafir hafa verið kenndir fer íslenskukennsla fram í hringekjuvinnu eftir aðferðinni *Vörður og vegvísir*, þar sem áherslupættirnir eru:

- ritun
- mál og málfræði
- lesskilningur
- framsögn og hlustun (talað mál og hlustun)

Verkefni hringekjunnar eru heildstæð og oft þematengd, með því fást fjölbreyttir textar til að vinna með. Sífellt er verið að byggja ofan á fyrri þekkingu. Kennd eru markviss vinnubrögð eftir ákveðnum leiðum og til þess notuð svokölluð amboð. Þau eru sýnileg á veggjum og eru verkfæri fyrir nemendur til að sjá í máli og mynd til hvers er ætlast af þeim og hvernig á að vinna. Sem dæmi eru notuð amboð fyrir framsögn, áheyrundur, skrift, greinarmerki og fyrirmyndarmálgrein. Í þessari vinnu er reynt að nota leiðsagnarmat jafnt og þétt, þ.e. gefa nemendum reglulegar leiðbeiningar um til hvers er ætlast og hvernig er best að ná því.

Áfram veginn- 2.–6. bekkur

Unnið er með heildstæða íslenskukennslu samkvæmt *Vörðum og vegvísi* upp í 6. bekk. Fylgst er með lestrarframvindu hvers og eins nemanda og verða verkefnin þyngri og fjölbreyttari í takt við aukna getu. Markmið lestrarþjálfunar er að nemendur verði færir um að lesa sjálfstætt fjölbreyttan texta og nýta sér upplýsingar úr honum. Þessu markmiði ná nemendur mishratt og vel og er það skylda umsjónarkennara í samvinnu við sérkennara að sjá til þess að nemendur þeirra fái lesefni og þjálfun við hæfi hverju sinni. Mikilvægt er að missa ekki sjónar á nemendum sem eiga í vanda.

Í 4. bekk byrja nemendur að lesa og vinna með kjörbækur, lestur fer fram bæði heima og í skóla og fylgir fjölbreytt verkefnavinna. Meginmarkmiðið með kjörbókavinnu er að nemendur takist á við efnismeiri texta, ígrundi innihaldið í samvinnu við bekkinn sinn og ekki síst að efla áhuga nemenda á bókmenntum og lestrargleði þeirra.

Ritun

Nemendur vinna ýmiskonar ritunarverkefni jafnt og þétt yfir veturinn oft í tengslum við kjörbækur og hringekjuvinnu. Í 1.–3. bekk er í þróun sú hefð að nemendur vinni lokaverkefni í íslensku að vori. Þeir nýta sér þá þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér og skrifa og hanna bók. Í 1. bekk vinna nemendur bók um húsdýrin, í 2. bekk semja og skrifa nemendur ævintýri og í 3. bekk skrifa nemendur bók fyrir börn.

Stafsetning

Í Vörðum og vegvísi eru sérstaklega tilgrein markmið fyrir hvern árgang í stafsetningu og ná þau upp í 7. bekk. Kallast þetta stafsetningarskúffan og er stafsetning bæði kennd og metin samkvæmt þessum markmiðum.

Framsögn

Í Vörðum og vegvísi eru einnig tilgreind markmið í framsögn sem ná upp í 7. bekk. Talað og hlustað er hluti af vikulegri hringekju þar sem nemendur bæði æfa framsögn og upplestur og að vera góðir áheyrendur. Markmið framsagnartímanna liggja fyrir og nemendur meta hvert annað með því að gefa stjórnur og óskir fyrir frammistöðuna. Sérstök áhersla er lögð á framsögn í 4. og 7. bekk í tengslum við litlu og stóru upplestrarkeppnina.

Elsta stig

Mikilvægt er að nemendur hafi öðlast góða færni í að nýta sér hvers kyns texta þegar á elsta stig skólans er komið. Nemendum er ætlað að lesa og nýta sér fjölbreytta texta á þremur tungumálum auk þess að geta skrifað smærri verkefni og ritgerðir. Á elsta stigi er heimalestur yfirleitt í formi kjörbóka og annars námsefnis auk sérstakrar þjálfunar fyrir nemendur sem það þurfa og vilja. Þó eru dæmi um að umsjónarkennarar kjósi að halda hefðbundnum heimalestri áfram fyrir sinn hóp eða hluta af honum.

Bókmenntalestur og ritun á elsta stigi

Í íslensku hafa nokkrar bækur fest sig í sessi í árgöngum og eru lesnar ár hvert. **Af bókum sem lesnar eru á elsta stigi má nefna Laxdælu, Korku sögu, Englar alheimsins, Sterk, Strákinn í röndóttu náttfötunum, Gísla sögu Súrssonar og Vertu ósýnilegur.** Þó nokkur ritun er tengd þessum bókum og má þar nefna lestrardagbækur sem nemendur halda. Þegar nemendur ljúka

10. bekk eiga þeir að hafa fengið kennslu og þjálfun í gerð bókmenntaritgerða og heimildaritgerða.

Í dönsku lesa og skrifa nemendur styttri texta í 7.–9. bekk, en 10. bekkur les skáldsögu og skrifar að lágmarki 250 orða texta.

Í ensku í 8.–10. bekk eru lesnar tvær bækur yfir skólaárið, önnur er skyldubók en hin valin af nemendum. Ritunarverkefni tengd námsefninu eru yfirleitt tvö á hverjum vetri.

Bækur sem eru lesnar og unnið skipulega með í árgöngum Álftanesskóla veturinn 2023–2024

Undanfarin ár hefur verið reynt að fjölga kjörbókum og þeim bókum sem unnið er sérstaklega með í öllum árgöngum. Þetta tekur tíma enda kostnaðarsamt að versla inn árgangasett. Einnig hefur verið rýnt í hvað hentar hverjum árgangi og bækur færðar á milli bekkja ef þurfa þykir. Fyrir utan þessar bækur eru fjölbreyttir textar úr ýmsum bókum og öðrum miðlum notaðir til að lesa og vinna með. Hér að neðan er listi yfir helstu bækur sem er unnið skipulega með í árgöngunum þetta skólaárið.

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur
Regnbogafiskurinn Dúbbi dúfa 2 Þorrablót (Kuggur) Snuðra og Tuðra fara í strætó Snuðra og Tuðra verða vinir Greppikló Greppibarnið Moli litli flugustrákur 1 Blómin á þakinu (Heildstætt þemaverkefni) Ekki opna þessa bók. Leyndarmálið hennar ömmu. Amma og þjófarnir. Nei sagði litla skrímslið. Ég vil fisk. Gráðuga lirfan. Tár úr steini. Gunnhildur og glói Sagan af furðufugli. Amma og þjófurinn á safninu. Bók í hönd. Pæja Ávaxtakarfan.	Ævintýrið úlfur, úlfur. Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar. Þjóðsögurnar, Gilitrutt, Búkolla, Álfkonan á Fossum, Bláa glasið. Hvað varð um Einar Áskel ærslabelg. Vinabókin. Örkin hans Nonna. Álfasögur, Álfar skila barni, Krossgátur. Stafrófskver Sigrúnar Eldjárn. Rauðhetta. Ljóti andarunginn. Dimmalimm. Raunamæddi risinn.	Sjóræningjarnir í næsta húsi. Gula sendibréfið. Hrafninn. Refurinn. Hér vantar nokkrar bækur sem teknar eru í hringekju	Dóttir veðurguðsins. Hundakúnstir. Geitur í garðinum. Hér líka	Benjamín dúfa.
6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Rottuborgarinn. Draugaslóð.	Vítahringur. Leynardómur ljónsins.	kjalnesingarsaga Ys og þys út af öllu. Strákurinn í röndóttu náttfötunum	Laxdæla Sterk.	Gísla saga Súrssonar. Vertu ósýnilegur-flóttasaga Ishmaels Englar alheimsins. Heimildarritgerð

Samstarf heimila og skóla

Lestrarkennslan í skólanum er aðeins hluti af námsferlinu, lestrarþjálfun heimavið undir styrkri stjórn forráðamanna er alveg jafn mikilvæg. Til þess að foreldrar geti staðið þétt við bakið á börnum sínum í lestrarnáminu þurfa þeir að vita til hvers er ætlast af þeim og því er fræðsla til foreldra mikilvægur þáttur í stefnu skólans.

Fræðsla til foreldra

Haldið er námskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk um grunn að lestrarkennslu og er ætlast til að einhver komi fyrir hönd hvers barns. Fjallað er um hvaða aðferðum er beitt við lestrarkennsluna, dæmi um þær eru sýnd og þær rökstuddar. Hlutverk foreldra í lestrarnáminu er útskýrt og þeim kenndar leiðir til að nýta við heimalesturinn.

Í 3. bekk er námskeið um lesskilning og er að sama skapi ætlast til að einhver komi með hverju barni á það námskeið. Fjallað er um hve flókin hugræn færni lestur í rauninni og hvernig sú færni þarf að vaxa með stigþyngjandi lesefni. Foreldrum er kennd einföld útgáfa af gagnvirkum lestri og er nemendum kennd sama aðferð í skólanum. Hugmyndin er sú að nemendur noti gagnvirkan lestur í skólanum í ýmsum verkefnum og að foreldrar styðji við lesskilning og eflingu orðaforða barna sinna með því að nýta þessa aðferð í heimalestri.

Heimalestur og skráning

Lestrarþjálfun nemenda þarf alltaf að taka mið af getu þeirra og eiga umsjónar- og sérkennarar að aðlaga þjálfun nemenda að þeirra þörfum. Til að byrja með er lesefninu algerlega stýrt af kennara en eftir að nemendur eru komnir vel af stað geta þeir sjálfir valið bækur á bókasafninu til heimalestrar. Það er umsjónarkennara að meta stöðu nemenda hverju sinni. Umsjónarkennarar hafa lestrarbókalista sem stigþyngist til að styðjast við í upphafi lestrarnáms, en mikilvægt er að gefa nemendum eins mikið svigrúm og hægt er til að velja lesefni eftir áhuga. Þetta getur verið vandmeðfarið og er hvoru tveggja mikilvægt að kennarinn skilji þörf nemenda fyrir áhugavert lesefni þegar þeir eru komnir af stað og að foreldrar skilji fagleg rök kennara fyrir því að nemandi ætti að lesa bækur á vissu þyngdarstigi.

Meginreglan er sú að ætlast er til að nemendur í 1.–5. bekk lesi heima fimm sinnum í viku. Nemendur 1. bekkjar lesa 10 mínútur á dag að lágmarki, nemendur 2. bekkjar 15 mínútur að lágmarki og nemendur í 3.–5. bekk í 20 mínútur. Eftir því sem færni nemenda eykst geta þeir byrjað að lesa hluta tímans í hljóði. Orðaskrift hefst að hausti í 1. bekk en þá þjálfar nemendur

hljóðgreiningu og stafsetningu með því að skrifa orð eftir upplestri foreldra eða vinna önnur verkefni tengd lestrinum samkvæmt fyrirmælum kennara. Orðaskriftin og slík verkefni eru unnin í lotum en ekki samfellt allan veturinn.

Heimalestur er eins og áður sagði mjög mikilvægur þáttur í lestrarnámi hvers barns og til að halda vel utan um framvindu hans skrá kennarar í Mentor ef ekki er lesið heima eins oft og ætlast er til eða orðaskriftinni ekki sinnt.

Skimanir og sérkennsla

Í Álftanesskóla er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og er mikil áhersla lögð á aðkomu sérkennara á yngsta stigi. Þegar komið er á miðstig og elsta stig er hlutverk sérkennara oft að leita leiða til að einfalda námsefni eða styðja við nám nemenda með lestrarvanda með aðlögun námsefnis og/eða notkun á tækni svo sem hljóðbókum, auk þess að reyna að efla lesturinn. Skimanir og greiningar eru notaðar til að stýra því hvaða nemendur þurfa á sérkennslu að halda en ekki er nauðsynlegt að greining liggja fyrir til að nemandi fái aðstoð. Ef umsjónar- og sérkennarar sjá vanda hjá nemendum leita þeir leiða til að aðstoða nemandann þrátt fyrir að greining liggja ekki fyrir.

Skimanir í 1. bekk

Samstarf sérkennara yngsta stigs og umsjónarkennara í 1. bekk er yfirgripsmikið og kemur sérkennari að kennslu margra barna í upphafi. Í sumum tilfellum er þörf á þjónustu talmeinafræðings og er hann þá í samstarfi við sér- og umsjónarkennara. Eins og áður sagði hefst sérkennsla strax að hausti, sérkennari kannar stafapekkingu og lestrarkunnáttu nemenda til að meta stöðu þeirra. Málþroskapróf, Hljóm og aðrar upplýsingar frá leikskólum og foreldrum eru mikilvægar upplýsingar sem eru hafðar til hliðsjónar.

Lesferill er próf og skimanir frá Menntamálastofnun. Hluti af Lesferli er skimunarpróf fyrir 1. bekk sem miðar að því að gera kennurum kleift að bregðast við yfirvofandi lestrarvanda barna strax við upphaf skólagöngu og eru allir nemendur 1. bekkjar skimaðir með þessu matstæki. Þegar niðurstöður liggja fyrir í október er sérkennsluþörf innan hópsins endurskoðuð og haft samband við foreldra ef ástæða þykir til að breyta heimalestrinum eitthvað.

Skimanir eftir 1. bekk

Logos skimun

Nemendur í 3. bekk fara allir í skimun að hausti með Logos greiningarprófi fyrir dyslexiu og þeir sem eru undir viðmiði eru endurskimaðir að vori þar sem verið er að greina framfarir eftir

Þjálfunartímabil. Nemendur í 6. bekk sem eiga í vanda með lesturinn sem ekki hefur verið greindur, eru skimaðir með Logos og er tilgangurinn að finna nemendur sem eiga við lestrarvanda að stríða og bregðast við. Gögn úr skimuninni eru greind og borin saman við fyrri gögn nemenda. Ef skimunin bendir til lestrarvanda er vandinn greindur enn frekar með Logos lestrargreiningu. Í sumum tilfellum útbýr sérkennari í samstarfi við umsjónarkennara mismunandi þjálfunarleiðir fyrir nemendur. Þeir nemendur sem fá þjálfunarleiðir heim fara í endurmat nokkrum mánuðum síðar til að skoða framfarir.

Orðarún lesskilningsskimun

Nemendur fara í lesskilningsskimunina Orðarún frá 3. bekk upp í 8. bekk. Markmið með skimuninni er að kanna lesskilning nemenda og vinnubrögð þeirra í sjálfstæðum lestri og úrvinnslu slíkra texta.

Almennt námsmat í læsi

Stefna Álfstanesskóla er að nota staðlað námsmat eins og hægt er og upplýsa foreldra jafnt og þétt um stöðu barna þeirra á hverjum tíma í samhengi við lestrarferil þeirra. Í skólanum eru notuð lesfímipróf Menntamálastofnunar og stýrir stöðlun þeirra fyrirlagnartímum, því er lesfímiprófað í september, janúar og maí en ekki þess utan nema um sérstök tilfelli í samráði við sérkennara sé að ræða og þá með öðrum prófum sem skólinn hefur aðgang að. Ekki er um að ræða sérstakt námsmat í lesskilningi en lesskilningsskimunin Orðarún nýtt til að skoða stöðu nemenda.

Próf og skimanir eftir árgöngum

Lesfimiþróf og stuðningsþróf Menntamálastofnunar eru notuð til að meta lesfimi og Orðarún til að meta lesskilning. Logos er notað til greiningar á lestrarvanda. Samræmd könnunarþróf eru borin saman við aðrar niðurstöður.

bekkur	haust	vor	Skil heim	Sérstakar skimanir og greiningar
1. bekkur	Könnun á stafabekkingu/ lestrarfærni við upphaf skólagöngu lesfimiþróf og stuðningsþróf fyrir nemendur sem eru komnir af stað í lestri	Lesfimiþróf og stuðningsþróf janúar og maí	Niðurstöður lesfimiþrófa og Lesferils	Lesferill skimunarþróf
2. bekkur	Lesfimiþróf og stuðningsþróf september	Lesfimiþróf og stuðningsþróf janúar og maí	Niðurstöður lesfimiþrófa	
3. bekkur	Lesfimiþróf og stuðningsþróf september Orðarún	Lesfimiþróf og stuðningsþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður lesfimiþrófa Orðarún	Logos skimun, allir nemendur sem koma út í áhættu í stuðningsþrófum eða kennurum þykir ástæða til að skima
4. bekkur	Lesfimiþróf september Orðarún	Lesfimiþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður lesfimiþrófa Orðarún	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu) Samræmt könnunarþróf
5. bekkur	Lesfimiþróf september Orðarún	Lesfimiþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður Lesfimiþrófa Orðarún	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu)
6. bekkur	Lesfimiþróf september Orðarún	Lesfimiþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður Lesfimiþrófa Orðarún Logos skimun	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu). Logos skimun nemendur undir

				vissum viðmiðum í lesfimi og Orðarún
7. bekkur	Lesfimiþróf september Orðarún Samræmt próf	Lesfimiþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður Lesfimiþrófa Orðarún	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu) Samræmt könnunarpróf
8. bekkur	Lesfimiþróf september Orðarún	Lesfimiþróf janúar og maí Orðarún	Niðurstöður Lesfimiþrófa Orðarún	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu)
9. bekkur	Lesfimiþróf september	Lesfimiþróf janúar og maí	Niðurstöður Lesfimiþrófa Logos skimun	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu) Logos skimun sumir nemendur Samræmt könnunarpróf
10. bekkur	Lesfimiþróf september	Lesfimiþróf janúar og maí	Niðurstöður Lesfimiþrófa	Logos greining (nemendur með grun um dyslexíu) Endurgreining nemenda með Logos greiningu fyrir framhaldsskóla

Lýsing á hvað liggur að baki námsmati í læsi

Lesfimi

Góð lesfimi er þegar lesari nær sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem er lesinn með réttu hljómfalli. Góð lesfimi er mikilvæg færni, hún er nauðsynleg svo lesskilningur geti orðið þó hún sé ekki nægjanleg, þ.e. góð lesfimi tryggir ekki skilning. Nemandi með slaka lesfimi les hægt með erfiðleikum, stoppar gjarnan og hljóðar sig í gegnum orð, les orð rangt og notar rangt hljómfall svo tengingar textans verða rangar, svona lestur gerir lesskilning mjög erfiðan. Matið fer þannig fram að nemandi les samfelldan texta upphátt í tvær mínútur, kennari merkir við rangt lesin orð og hve langt nemandinn nær að lesa. Þetta er svo slegið inn í gagnagrunn Menntamálastofnunar sem reiknar út fjölda orða á mínútu. Lestrarnákvæmni er hlutfall orða sem eru rétt lesin í lesfimitextanum. Í lesfimiþrófum Menntamálastofnunar er lestrarnákvæmni ekki gefin upp sérstaklega, niðurstaðan er gefin út í **vegnum orðum á**

mínútu sem felur í sér að tillit er tekið til lestrarnákvæmni. Til stendur að bæta matskvarða um lestrarlag við lesfímimat skólans en það hefur ekki komið til framkvæmdar enn.

Lesskilningur

Góður lesskilningur er flókið fyrirbæri og byggir á mörgum þáttum svo sem lesfími, orðaforða, málþroska og ályktunarhæfni. Nemandi þarf að átta sig bæði á styttri einingum texta og heild hans. Hann þarf að geta dregið ályktanir út frá mismunandi hlutum textans og notað bæði vísbendingar úr textanum og eigin þekkingu til að átta sig á innihaldinu í heild. Lesskilningsskimunin Orðarún fer þannig fram að nemendur lesa í hljóði tvo texta og svara krossaspurningum úr þeim. Unnið er með einn texta í einu og fá nemendur seinni textann ekki fyrir en þeir hafa lokið við þann fyrri. Gert er ráð fyrir að þetta taki um 40 mínútur en nemendur fá þann tíma sem þeir þurfa.

Önnur gögn

Fyrir utan þessi próf og skimanir sem sérstaklega eru notuð til að fylgjast með lestrarfærni eru Ýmis verkefni nemenda notuð til að greina stöðu þeirra.

Viðmið skólans

Í Álfstanesskóla eru notuð stöðluð lesfímipróf frá Menntamálastofnun og viðmið sem þeim fylgja. Þessi viðmið eru þrískipt fyrir hvern árgang og eiga öll við um lesfímiprófið sem tekið er í maí. Í Álfstanesskóla er litið á sem svo að nemendur sem nái viðmiði eitt séu á góðri leið og viðmiði tvö sem að hæfni sé náð. Þriðja viðmiðið má líta á sem framúrskarandi en ekki er lögð áhersla á að nemendur nái meiri leshraða en gefinn er upp í viðmiði tvö. Miðað er við að allir nemendur sem ekki eru með greindan lestrarvanda eigi að geta náð viðmiði tvö að vori, það er góð hæfni. Ekki er þar með sagt að nemendur með lestrarvanda geti ekki náð þeim viðmiðum en persónulegar framfarir hvers og eins eru mikilvægasti mælikvarðinn þó viðmiðin séu jafnframt höfð í huga.

Bekkur	Viðmið eitt. Á góðri leið Orð á mínútu	Viðmið tvö. Hæfni náð Orð á mínútu	Viðmið þrjú. Orð á mínútu
1.	20	55	75
2.	40	85	100
3.	55	100	120
4.	80	120	145
5.	90	140	160
6.	105	155	175
7.	120	165	190

8.	130	180	210
9.	140	180	210
10.	145	180	210

Skil á lestrarmati

Niðurstöður lesfímiprófa eru prentaðar út og fá foreldrar lestrarferil síns barns afhentan í viðtali eða sendan heim. Niðurstöður lesfímiprófanna eru einnig settar inn á Mentor.

Niðurstöður stuðningsprófa eru ekki sendar heim sérstaklega en þær eru ræddar ef þörf þykir og foreldrar upplýstir. Stuðningsprófin veita kennurum fyrst og fremst upplýsingar um tvo af þeim þáttum sem byggja upp góða lesfími og gefa vísbendingar um áherslur í þjálfun.

Niðurstöður Orðarúnar eru settar inn á Mentor og er gefin upp fjöldi réttra svara af tuttugu.

Almennt um sérkennslu og greiningar

Þegar sýnt þykir að um lestrarvanda sé að ræða hjá nemanda er hægt að sækja um dyslexíugreiningu, hún er þó aldrei framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi að vori í 3. bekk og yfirleitt ekki fyrr en í 4. bekk eða seinna. Greiningar eru framkvæmdar af þeim sérkennurum skólans sem hafa réttindi til að nota Logos greiningartækið. Þegar niðurstöður liggja fyrir er haldinn skilafundur með foreldrum, umsjónarkennara og jafnvel nemandanum sjálfum ef ástæða þykir til. Bæði foreldrar og umsjónarkennari nemanda geta haft frumkvæði að því að óska eftir greiningu en samþykki foreldra þarf ávallt að liggja fyrir.

Dyslexíugreining eða aðrar greiningar eru ekki nauðsynlegar til að nemendur fái þjónustu sérkennara. Umsjónarkennari getur óskað eftir aðstoð frá sérkennara þyki honum ástæða til að fá leiðbeiningar varðandi lestrarkennslu nemenda. Litið er svo á að umsjónarkennarar og sérkennarar vinni sem teymi og í sumum tilfellum er talið betra að sérkennari vinni með öllum bekknum í samstarfi við umsjónar- eða faggreinakennara. Þegar um er að ræða alvarlegan vanda útbýr sérkennari einstaklingsnámskrá í lestri og tekur mikinn þátt í að velja og útbúa lesefni fyrir nemandann.

Lestrarmenning

Eldri nemendur styðja yngri

Á elsta stigi geta nemendur valið svo kallað lespjálfaraval. Þá fá þeir úthlutað yngri nemanda sem þarf stuðning við lestrarþjálfun og láta hann lesa eða gera annað lestrartengt sem gagn er

af s.s. spila með námsspilum. Nemendurnir hittast tvisvar í viku en áður en lestrarþjálfunin hefst fær eldri nemandinn fræðslu hjá verkefnastjóra lestrarmála og kynningu á stöðu nemandans. Allt er þetta gert í samvinnu við foreldra og hefur gefist vel.

Einnig eru dæmi um að eldri nemendur taki að sér að fara inn í bekki hjá yngri nemendum og láta lesa eða lesa fyrir krakkana án þess að vera í sérstöku vali.

Bókasafnið

Bókasafnið er hjarta lestrarmenningar skólans og þangað á að vera gott að koma.

Árið 1998 var sérhönnuð bókasafnsbygging reist við Álftnesskóla sem hýsir bæði almenningsbókasafnið og skólasafnið. Söfnin eru rekin sem samsteypusöfn og hefur það fyrirkomulag reynst beggja hagar. Safnið er staðsett miðsvæðis í skólahúsnæðinu á jarðhæð og með góðu aðgengi.

Fyrri hluta dags nýtir skólinn safnið til útláns og kennslu í upplýsingamennt, en síðari hluti dags er almenningssafnið opið. Bókasafnið er að jafnaði vel sótt og er þar fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa, hvort sem er til iðkunar fræða eða yndislesturs.

Á safninu eru tveir starfsmenn, forstöðumaður, bókasafns- og upplýsingafræðingur ásamt því að vera kennari og bókaforráðgjafi sem sér um útlán á morgnana.

Reglulegir viðburðir á safninu

Í nóvember ár hvert er tekið þátt í Norrænu bókasafnsvikunni. Það fyrirkomulag hefur skapast að nemendur úr eldri bekkjum skólans koma og lesa fyrir nemendur úr 1.– 4. bekk söguna sem er þema þess árs. Oft er sagan sett upp á skjá um leið og hún er lesin ef myndirnar eru skemmtilegar. Eftir lestur skapast oft skemmtilegar umræður.

Um leið og bókasafnið tekur fram jólabækurnar er boðið upp á áttak í jólabókalestri fyrir yngsta og miðstig skólans. Eftir hverjar 5 jólabækur sem nemendur lesa fá þau jólalegt viðurkenningaskjal með nafni á gömlum jólasveinum.

Rithöfundakynning er ávallt í nóv./ des. Reynt er að fá rithöfunda fyrir alla aldurshópa.

Sumarlestur í samstarfi við Bókasafn Garðabæjar, Álftanessafn hefst strax um leið og skóla líkur að vori og endar um miðjan ágúst með uppskeruhátíð. Nemendur fá lestrardagbækur þar sem þau halda utan um lesturinn. Eftir hverja lesna bók fá þau límmiða og dreginn er út lestrarhestur vikunnar sem fær bók að gjöf.

Lesstundir

Skipulagðar lesstundir hafa verið í stundatöflu í skólanum í nokkur ár og er tilgangur þeirra að hvetja til yndislestrar og styðja við sjálfstæðan lestur nemenda. Með því að ætla sérstakan tíma í frjálsum lestur sendir skólinn nemendum einnig skilaboð um mikilvægi lestrar.

Á yngsta- og miðstigi hefst dagurinn yfirleitt á lesstund en á elsta stigi eru 20 mínútna lesstundir á töflu fjórum til fimm sinnum í viku. Nemendur hafa aðgang að skólasafninu til að sækja sér efni en til að aðstoða þá nemendur sem finnst erfitt að finna sér lesefni hafa verið útbúnir bókakassar með öllum léttlestrarbókunum sem Menntamálastofnun hefur gefið út og fleira efni, þessir kassar eru í hverri stofu frá 7. bekk og uppúr.

Lestrarsprettir

Á yngsta stigi hafa lestrarsprettir verið fastur liður í mörg ár og einnig hafa verið teknir slíkir sprettir á miðstigi og í einstaka bekkjum á elsta stigi. Ýmis konar mynd hefur verið á þessum lestrarsprettum en iðulega lesa nemendur aukalega bæði heima og í skóla og safna upplýsingum um og skrá blaðsíður, mínútur eða bækur. Upplýsingar um dugnaðinn eru skráðar með skemmtilegum hætti á göngum skólans. Þó að svona lestrarsprettir komi ekki í staðinn fyrir gott aðhald allt skólaárið geta þeir verið skemmtileg viðbót og hvatning fyrir nemendur.

Heimildir

Elva Eir Þórólfsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Snemmtæk íhlutun í lestrarnámi í 1. bekk. <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/10.pdf>

Lipson, M.Y., og Wixson, K.K. (1991) *Assesment and Instruction of Reading Disability: An Interactive Approach*. New York: HarperCollinsPublishers

Riley, J. (2006). *Language and literacy. Creative approaches to teaching*. London: SAGE Publications.

Stanovich, K. E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21(4), 360–407.

Torgesen, J. K. (2005). Recent discoveries from research on remedial interventions for children with dyslexia. *The science of reading*, 521-537.